



Framboð til stjórnarsetu

Aðalfundur Vátryggingafélags Íslands hf.

19. mars 2021

Í framboði til stjórnar og varastjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. á aðalfundi félagsins 19. mars 2021 eru eftirtaldir einstaklingar:

Framboð til stjórnar:

Guðný Hansdóttir

Guðný hefur setið í stjórn VÍS frá árinu 2020. Hún hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1967

Menntun: MBA gráða frá Tækniháskólanum í Flórída og BS gráða í markaðsfræði frá sama skóla.

Aðalstarf: Fjárfestir

Starfsreynsla: Framkvæmdastjóri mannauðssviðs hjá Inness (2014-2018) og mannauðsstjóri hjá Skeljungi (2019-2014). Var áður framkvæmdastjóri erlendrar starfsemi hjá Pennanum Officeday, framkvæmdastjóri mannauðssviðs Air Atlanta og forstöðumaður flugliða Icelandair.

Önnur stjórnarseta: Frumherji (stjórnarmaður).

Hlutafjáreign í VÍS og óhæði: Guðný er einn af eigendum KG eignarhalds ehf. sem á 887.525 hluti í félaginu. Guðný er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Marta Guðrún Blöndal

Marta hefur setið í stjórn VÍS frá árinu 2018. Hún hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1988

Menntun: Meistaragráða og BA í lögfræði frá Háskóla Íslands og héraðsdómslögmannsréttindi.

Aðalstarf: Yfirlögfræðingur ORF Líftækni hf.

Starfsreynsla: Aðstoðarframkvæmdarstjóri og lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands (2014-2018). Fulltrúi hjá Juris (2013-2014). Endurupptökunefnd (2013-2014). Innanríkisráðuneytið (2012-2013). Útlendingastofnun (2011-2012).

Önnur stjórnarseta: Gerðardómur Viðskiptaráðs Íslands (stjórnarmaður)

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Marta á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Már Wolfgang Mixa

Fæðingarár: 1965

Menntun: Doktor í Viðskiptafræði frá Háskóla Reykjavíkur, MSc gráða í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands, BSBA í fjármálum og BA í heimspeki frá Háskólanum í Arizona, auk þess að vera löggildur verðbréfamiðlari á Íslandi og Bandaríkjunum.

Aðalstarf: Lektor í fjármálum hjá Háskóla Reykjavíkur.

Starfsreynsla: Víðtæk reynsla úr fjármálageiranum og hefur m.a. starfað hjá Atlantic Tank Storage, Icebank, JPM Ventures, Verðbréfabjónustu Sparisjóðsins, Sph verðbréfum. Auk þess að hafa unnið við rannsóknir í fjármálum og gefið út fjölmargar ritrýndar greinar á því sviði.

Önnur stjórnarseta: Simple Investments ehf og Simple time ehf.

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Már á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Stefán Héðinn Stefánsson

Stefán hefur setið í stjórn VÍS frá árinu 2020. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1971

Menntun: MS. í International Shipping and Finance frá viðskiptaháskólanum Alba/Henley, MSc. í International Securities, Investment and banking frá háskólanum í Reading og BS gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Aðalstarf: Forstjóri skipafélagsins Cargow BV og framkvæmdastjóri A-ráðgjafar ehf.

Starfsreynsla: Aðstoðarforstjóri Sögu fjárfestingarbanka (2010-2011), framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs Landsbankans (2003-2008) og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunarsviðs Landsbankans (2001-2003).

Önnur stjórnarseta: Cargow BV í Hollandi (stjórnarmaður) og A-ráðgjöf ehf. (stjórnarmaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Stefán á 500.000 hluti í VÍS og 400.000 hluti í gegnum A-ráðgjöf ehf. og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Valdimar Svavarsson

Valdimar hefur setið í stjórn VÍS frá árinu 2017 og er formaður stjórnar félagsins. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1968

Menntun: B.A. í hagfræði. Próf í verðbréfiðskiptum frá árinu 1998. Registered Person Exam SFA London, 2001.

Aðalstarf: Framkvæmdastjóri Civitas ehf. Fjárfestingar og fjárfestingaumsjón.

Starfsreynsla: Forstöðumaður viðskiptaþróunar og sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu hf. (2011-2017). Framkvæmdastjóri rekstrarfélags Virðingar hf. (2010-2011). Framkvæmdastjóri Quantum Consulting (2008-2010). Forstöðumaður hjá VBS fjárfestingabanka (2004-2007). Forstöðumaður einkabankapjónustu Heritable Bank (2001-2003).

Önnur stjórnarseta: Civitas ehf. (Stjórnarmaður), Fjárfestingarfélagið Solace ehf. (Stjórnarmaður), Holtseignir ehf. (Stjórnarmaður).

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Valdimar á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Vilhjálmur Egilsson

Vilhjálmur hefur setið í stjórn VÍS frá árinu 2018 og er varaformaður stjórnar félagsins. Hann hefur staðist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Fæðingarár: 1952

Menntun: Doktor í hagfræði frá University of Southern California, Los Angeles, meistara-próf í hagfræði frá University of Southern California, viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi

Starfsreynsla: Rektor Háskólans á Bifröst (2013-2020). Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (2006-2013). Ráðuneytisstjóri Sjávarútvegsráðuneytisins (2004-2006). Í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) (2003). Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands (1987-2003). Alþingismaður fyrir Norðurlandskjördæmi vestra (1991-2003). Hagfræðingur Vinnuveitendasambands Íslands (1982-1987).

Önnur stjórnarseta: Innviðir fjárfestingar slhf. (stjórnarmaður), SAGA jarðvangur ses. (stjórnarmaður)

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Vilhjálmur á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Framboð til varastjórnarsetu:

Már Wolfgang Mixa

Fæðingarár: 1965

Menntun: Doktor í Viðskiptafræði frá Háskóla Reykjavíkur, MSc gráðu í fjármálum fyrirtækja frá Háskóla Íslands, BSBA í fjármálum og BA í heimspeki frá Háskólanum í Arizona, auk þess að vera löggildur verðbréfamiðlari á Íslandi og Bandaríkjunum.

Aðalstarf: Lektor í fjármálum hjá Háskóla Reykjavíkur.

Starfsreynsla: Víðtæk reynsla úr fjármálageiranum og hefur m.a. starfað hjá Atlantic Tank Storage, Icebank, JPM Ventures, Verðbréfaþjónustu Sparisjóðsins, Sph verðbréfum. Auk þess að hafa unnið við rannsóknir í fjármálum og gefið út fjölmargar ritrýndar greinar á því sviði.

Önnur stjórnarseta: Simple Investments ehf og Simple time ehf.

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Már á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Fæðingarár: 1974

Menntun: MS í vélaverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku og mastersgráðu í nýsköpunar og frumkvöðlafræðum frá MIT.

Aðalstarf: Sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Starfsreynsla: Í framkvæmdastjórn Veitna ohf. (2018-20220), viðskiptastjóri hjá Marel (2016-2018), framkvæmdastjóri og eigandi Hugsmiðjunnar 2010-2016, eigandi og stjórnarformaður Uppsprettu (2008-2010) og framkvæmdastjóri Mentis (2006-2008).

Stjórnarseta: Trackwell ehf. (stjórnarmaður)

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Ragnheiður á enga hluti í VÍS og telst óháð félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Sveinn Friðrik Sveinsson

Fæðingarár: 1974

Menntun: B.Sc. próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, löggilding í verðbréfamiðlun frá HR.

Aðalstarf: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

Starfsreynsla: Fjármálastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi frá (2017), fjármálastjóri Bílanausts 2014-2017, forstöðumaður markaðsviðskipta hjá Virðingu (2011-2014), verðbréfamiðlun hjá Saga fjárfestingabanka (2010-2011), forstöðumaður fjárfstýringar hjá Straumi fjárfestingabanka (2006-2009) og forstöðumaður netviðskipta Íslandsbanka (2000-2006).

Stjórnarseta: Engin

Hlutfjáreign í VÍS og óhæði: Sveinn á enga hluti í VÍS og telst óháður félaginu. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila VÍS.

Samkvæmt samþykktum félagsins skipa fimm aðilar stjórn þess og tveir til vara.